



Hreppsnefnd 23. október 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 23.okt. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 23. okt. 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundarins, síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 8. okt. sl. Farið yfir fundargerðina hún rædd og spurt var um 6. mál hvernig það stæði og kom fram í svari að það væri í vinnslu, síðan var fundargerðin samþykkt. Rætt var um samræmingu í bókun fundargerða hreppsnefndar. Síðan var fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál. Vopnfirðingar virkja. Tilnefning í starfshóp. Vopnfirðingar virkja stefna í atvinnumálum Vopnafjarðarhrepps árin 2001-2006. Rætt var um það hvernig best verður staðið að því að fylgja eftir framkvæmd stefnumótunarvinnunnar, þannig að sem bestur árangur náist á tímabilinu. Svohljóðandi tillaga var lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að skipa sérstakann sjö manna starfshóp, er hafi það verkefni að fylgja eftir framkvæmd á stefnu Vopnafjarðarhrepps í atvinnumálum fram til ársins 2006. Í hópnum verði einn fulltrúi hvers framboðs í hreppsnefnd. Jafnframt verði fjórir fulltrúar úr atvinnulífinu. Ráðinn verði sérstakur starfsmaður í verkefnið.”

Oddviti bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Starfshópurinn hafi það hlutverk að fylgja eftir tillögum, sem eru í skýrslunni “Vopnfirðingar virkja”, með því að minna framkvæmdaraðila einstakra verkefna á hlutverk sitt og með því að hafa frumkvæði að vinnu er miðar að reglulegri endurskoðun stefnunnar. Mikilvægt er að góð tengsl séu á milli starfshópsins og atvinnumálanefndar hreppsins svo og á milli hópsins og atvinnulífs og stofnana almennt. Hópurinn haldi fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

3. mál. Málefni Tanga hf., staða mála. Sveitarstjóri skýrði fyrir nefndarmönnum stöðu hreppsins innan fyrirtækisins eftir að Sjólaver hf. rann saman við Tanga h/f og eignast með því 38% í fyrirtækinu. Hlutur Vopnafjarðarhrepps minnkaði við þetta úr 37% í 23%.

Fram kom að Vopnafjarðarhreppur hefur stofnað hlutafélagið Skiphólma ehf. Að svo stöddu er Vopnafjarðarhreppur eini hluthafinn. Stjórn félagsins hefur í hyggju að auka hlutafé félagsins verulega og fá til liðs við sig trausta fjárfesta bæði úr heimabyggð og annarsstaðar frá. Hugmyndin er að félaginu verði breytt í eignarhalds-fjárfestingar- og þróunarfélag, sem hafi það að markmiði að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga, sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða og eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á starfssvæði félagsins. Félagið mun meðal annars fjárfesta í hlutabréfum slíkra félaga eða í skuldabréfum, sem breyta má í hluti í þeim.

Tilgangurinn er að auka og treysta atvinnumálin á staðnum. Mikil umræða var um atvinnumál bæði innan Tanga hf. og einnig almennt innan hreppsfélagsins. Allir hreppsnefndarmenn tóku til máls í þessari umræðu.

4. mál. Gatnaframkvæmdir og lagning útrása frá Kolaporti að Miðbryggju. Sveitarstjóri lagði fram teikningar yfir útrásir. En unnið er að lagningu útrása í nýja götu við sjávarsíðuna. Framkvæmd þessi tekur mið af því að allt skólþ fari til sjávar í einum punkti við svokallað Kolaport. Jafnframt var rætt um lagnir frá verksmiðju Tanga h/f, lýsislagnir út á nýju löndunarbyggjuna ásamt sjólögn í samræmi við fyrirliggjandi teikningu. Hreppsnefnd var sammála um mikilvægi framkvæmdar þessarar, en vísaði teikningunum að öðru leyti til hafnarnefndar og bygginganefndar. Nokkur umræða varð um kostnaðartöku verka og hvort heppilegra væri að bjóða verk út eða ganga beint til samninga.

5. mál. Fundur með þingmönnum 11. okt. sl. Bréf dags. 10. okt.sl. Oddviti gerði grein fyrir fundi með frá fundi með þingmönnum kjördæmisins, sem haldinn var í Reykjavík.
6. mál. Makaskipti jarðanna Torfastaðir og Torfastaðir II og Rjúpnafells. Afstaða til forkaupsréttar. Hreppsnefnd samþykkti að hafna forkaupsrétti.
7. mál. Fagrihjalli 7, makaskipti. Sveitarstjóri skýði samskipti við íbúðalánasjóð, varðandi lánaþyrgreiðslu í tengslum við makaskipti á Fagrahjalla 7 og Lónabraut 37. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða makaskiptin.
8. mál. Hagstofa Íslands, Búferlaflutningar janúar – sept. Lagt fram til kynningar.
9. mál. ÚÍA styrkbeiðni vegna á síns 2002. Beiðninni vísað til fjárhagsáætlunar.
10. mál. Snorraverkefni ósk um stuðning sumarið 2002. Beiðninni vísað til fjárhagsáætlunar.
11. mál. Árhátið starfsmanna. Sveitarstjóri kynnti tilhögun árhátíðarinnar.
12. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.
 - a) Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 26.sept.sl.
 - b) Fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands frá 2. okt. sl.
 - c) Bréf dags. 1.okt. sl., varðandi skipan menningarráðs Austurlands.
 - d) Fulltrúafundur Héraðsskjalassafns Austfirðinga bs. fimmtudaginn 8. nóv.nk. fundarboð, ásamt fundargerð stjórnar safnsins frá 4. okt. sl.

Fleira ekki gert og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi.